

## Stjórnarfundur FHB 15. nóv. 2012

haldinn í Bændahöllinni kl. 18

Allir stjórnarmenn mættir; Kristinn Guðnason formaður, Sigbjörn Björnsson varaformaður, Vignir Sigurðsson gjaldkeri, Magnús Jósefsson ritari, Ólafur Einarsson meðstjórnandi og Hulda G. Geirsdóttir framkvæmdastjóri, sem ritar fundargerð.

Kristinn setti fundinn og gekk til dagskrár. Fyrsta mál á dagskrá var **undirbúningur fyrir aðalfund**, farið var yfir dagskrá, reikninga, skýrslu, fjárhagsáætlun og annað er að fundinum lýtur.

Hulda fjallaði stuttlega um **hrossaræktarráðstefnu fagraðs**. FHB kemur að þeirri framkvæmd með þátttöku í kostnaði og veitir þar tvenn verðlaun. Ráðstefnan verður haldin laugardaginn 17. nóv. í Hlégarði í Mosfellsbæ. Þau Leifur Kr. Jóhannesson og Rúna Einarisdóttir munu veita verðlaunin fyrir hönd FHB.

Hulda sagði frá vinnu sinni á **Equine Affaire hestasýningunni í USA**, en hún var eini Íslendingurinn á sýningunni að þessu sinni. Hún sagði sýninguna stóran og góðan kynningarvettvang og sagðist vonast til þess að íslensk fyrirtæki kæmu aftur að sýningunni. Hún sagði aðsókn hafa verið góða, tugþúsundir sækja sýninguna, og íslenski hesturinn var vel kynntur, bæði á sýningarbás og í minni sýningaratriðum í reiðhöll.

Nokkur **aðsend erindi** lágu fyrir:

Hulda kynnti erindi frá Ícelandair varðandi auglýsingamöguleika í flugblaði félagsins og afþreyingarkerfi. Huldu falið að skoða málið betur, fá uppl. um verð og þær útfærslur sem í boði eru.

Samþykkt að auglýsa í jólablöðum innlendu hestablaðanna.

Erindi frá Plúsfilm varðandi styrk til myndarinnar „Á hestbaki 3.“ Málið rætt og sá stjórn sér ekki fært að veita styrk til verkefnisins en Huldu falið að svara og vísa til þróunarfjársjóðs hrossaræktarinnar.

Farið yfir **frumvarp til dýraverndarlaga** sem áður hafði verið sent stjórnarmönnum á tölvupósti. Stjórn sá ekki ástæðu til að gera athugasemdir við frumvarpið, en formanni falið að heyra í Kristni Hugasyni formanni nefndar sem samdi frumvarpið og fara yfir hlut hestsins í málinu.

Rætt var um stöðu **rannsókna á sumarexemi**, en fjármagn er á þrotum. Stjórnarmenn allir sammála um nauðsyn þess að tryggja áframhaldandi fjármögnun svo rannsóknin stöðvist ekki. Allra leiða leitað til þess í samvinnu við stjórnvöld og aðra er gætu komið að fjármögnun. Ákveðið að taka málið til umræðu á aðalfundi 2012.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 22:00